

**AUGLÝSING**  
**um starfsreglur breyting á starfsreglum um skipulag**  
**kirkjunnar í héraði nr. 731/1998.**

„STARFSREGLUR  
um breyting á starfsreglum um skipulag  
kirkjunnar í héraði nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

**1. Þingeyjarprófastsdæmi.**

Lundarbrekkusókn, Ljósavatnssókn og Hálssókn tilheyri Laufásprestakalli. Þóroddsstaðasókn tilheyri Grenjaðarstaðarprestakalli.

**2. Múlaprófastsdæmi og Þingeyjarprófastsdæmi.**

Skeggjastaðaprestakall, Múlaprófastsdæmi og Þórshafnarprestakall, Þingeyjarprófastsdæmi sameinast. Heiti hins sameinaða prestakalls er Langanessprestakall. Prestssetur: Þórshöfn. Prestakallið tilheyrir Þingeyjarprófastsdæmi. Skeggjastaðasókn tilheyrir Múlaprófastsdæmi uns annað verður ákveðið.

2. gr.

5. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Ef prestakalli er skipt hefur skipaður sóknarprestur rétt á að ráða hvoru prestakallinu hann þjónar eftirleiðis.

3. gr.

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. desember 2006.

*Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 2006.*

Pétur Kr. Hafstein,  
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir  
þingskrifari“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 8. nóvember 2006.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson**, forseti kirkjuráðs.

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2006